



Sumartónleikar í Skálholti

Lokatónleikar: KIMI, Þóranna og Gunnar Karel

12. júlí kl. 17:00 í Skálholtsdómkirkju

VINÁTTA

Þóranna Björnsdóttir

SÓLIN

frumflutningur

νόστος και άλγος και νόστος

Gunnar Karel Másson

(nostos kai algos kai nostos)

frumflutningur



Sumartónleikar í Skálholti

VINÁTTA

SÓLIN

að treysta fyrir...

að uppgötva....

að varðveita.....

að hlægja, flissa, gera grín....

að vera unglingur....

að vera vinur

systur fljúga

bláleit stjörnupyrping

vináttan tindrar á himni

Texti: Þóranna Dögg Björnsdóttir

Verkið er samið í Skálholti á tímabilinu apríl - júlí 2020 fyrir KIMA.

Sérstakar þakkir:

Tríóið KIMI fyrir töfrandi hljóðheim og samstarf.

Esja Rúnarsdóttir (14 ára) og Helga Clara Jónsdóttir (14 ára) fyrir að ljá verkinu raddir sínar.

Einar Valur Scheving

Ásbjörg Jónsdóttir og Birgit Djupedal fyrir tækifærið, stuðninginn og samstarfið.

Gunnar Karel Másson.

Kolbeinn Soffúson og dætur okkar.

Foreldrar mínir.

Skálholt fyrir fegurðina og minningarnar.

Vinir mínir

Takk fyrir mig!

Þóranna



Sumartónleikar í Skálholti

νόστος και άλγος και νόστος
(nostos kai algos kai nostos)

Stór hluti af okkar daglega lífi felst í því að sakna og þrá, þrá og sakna. Með því fylgir alltaf einhver sársauki, því þegar við þráum, þá söknum við og með söknuðinum þá kemur sársaukinn. Eitt af því sem við þráum er fortíðin - „í gamla daga“. Þessi fortíðarþrá er í grunninn einhvers konar heimþrá, vöntun á öryggi. Orðið sem oft er notað yfir þesskonar heimþrá er nostalgía, sem var þar til á 20. öld skilgreint sem sjúkdómur og hrjáði sérstaklega hermenn á vígvöllum og var oft skráð sem dánarorsök m.a. í Þrælastríði Bandaríkjanna.

Heimþrá hrjáir okkur öll einhvern tíma á lífsleiðinni, við söknum öll einhvers.

Þessar tilfinningar eru ekki einungis bundnar við heimilið, heldur geta þær líka tengst ákveðnum stöðum eða tímabilum í sögunni. Skálholt og umhverfið í kring er eitt slíkt dæmi. Hér hefur fólk komið og átt sínar bestu (og verstu) stundir. Öll eigum við einhverja minningu af Skálholti, hvort sem hún er raunveruleg eða ímynduð, því Skálholt er hluti af okkar sameiginlega minni.

Tónlistin sem varð til í þessu samtali við stað og tíma og rúm er einhvers staðar á milli þess að vera einhver forn ritúal og vögguvísa sem okkur finnst við eiga að muna en getum það ekki. Við þráum að fá að heyra endann en hann kemur aldrei.

Enginn texti, bara hljóð, því með texta kemur samhengi og nostalgía er án samhengis. Þar sem við getum öll verið uppfull af þrá og sársauka og söknuði – νόστος και άλγος και νόστος

Gunnar Karel

BIO

Þórunna Dögg Björnsdóttir lauk burtfararprófi í klassískum píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH. Hún lauk BA gráðu í hljóð- og myndlist frá Konunglega Listaháskólanum í Haag árið 2006 og M.Art.Ed gráðu í kennslufræði lista við Listaháskóla Íslands árið 2014. Þórunna hefur sótt ýmis námskeið og vinnustofur í tengslum við tónlist, hljóð- og myndlist og staðið að kennslu í þeim efnum. Viðfangsefni Þórönnu eru mörg og fjölbreytt en snúast gjarnan um heimssýn einstaklingsins, hvernig hún mótast og þróast. Verkefnið fela í sér þverfagleg



Sumartónleikar í Skálholti

vinnubrögð og þreifingar þvert á miðla og eru verk hennar gjarnan sambland af mynd og hljóði; taka form í gegnum lífandi gjörninga, innsetningar, skúlptúra og hljóðverk. Verk Þórunnu hafa verið flutt víða og hefur hún komið fram á fjölmörgum tónleikum og listahátíðum á Íslandi og erlendis. Þórunna starfar einnig með listahópnum Wunderland <http://wunderland.dk/>. Árið 2019 gaf Þórunna út hljómplötuna LUCID ásamt Federico Placidi og var sú plata tilnefnd til Íslensku Tónlistarverðlaunanna í flokki sígildrar- og samtímatónlistar. Einnig var verkið Þá birtist sjálfíð í flutningi Heiðu Árnadóttur frumflutt á Myrkum Músíkdögum í ár við góðar viðtökur.

Gunnar Karel Másson fæddist í Reykjavík 17. Maí 1984. Tónlistarnám hóf hann ungur að árum í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann stundaði nám á nokkur hljóðfæri má m.a. nefna túbunám við undirbúningsdeild fyrir tónlistarháskóla í Danmörku og jazz trompet við tónlistarskóla F.Í.H.. Árið 2007 hóf Gunnar Karel nám við Listaháskóla Íslands og lauk þaðan B.A. gráðu í tónsmíðum vorið 2010. Gunnar lagði stund á framhaldsnám í tónsmíðum í Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn frá 2010 til 2014 og lauk við M.Mus. og Advanved post-graduate diploma frá þeim skóla. Kennarar Gunnars í tónsmíðum voru; Tryggvi M. Baldvinsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Bent Sørensen, Hans Abrahamsen, Jeppe Just Christensen, Niels Rosing Schow og Juliana Hodkinson. Sem tónskáld hefur Gunnar einbeitt sér fyrst og fremst að kammertónlist, þar sem honum finnst tónlistin fá þar þá athygli og tíma sem að hún þarfnast. Einnig hefur hann samið tónlist við fjölda leiksýninga hér heima og erlendis. Fyrir utan tónsmíðarnar þá hefur Gunnar einnig haslað sér völl sem tónleikahaldari. Var hann listrænn stjórnandi Myrkra Músíkdaga 2016 – 2020 og stofnaði árið 2012 Sonic hátíðina í Kaupmannahöfn ásamt kollega sínum Filip C. de Melo. Nýverið hóf Gunnar störf hjá Listahátíð í Reykjavík sem verkefnisstjóri norræna samstarfs verkefnisins Platform GÁTT. Gunnar er meðlimur í DKF, leikhópnum 16 elskendur og S.L.Á.T.U.R.

Tónlistarhópurinn KIMI er skipaður Þórgunni Önnu Örnólfsdóttur söngkonu, Katerinu Anagnostidou slagverksleikara og Jónasi Ásgeiri Ásgeirssyni harmóníkuleikara. Meðlimir koma frá Íslandi og Grikklandi en kynntust í námi við Konunglega danska tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Þau hafa spilað saman frá árinu 2018 og haldið opinbera tónleika bæði á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Tríoíð einbeitir sér einkum að flutningi nýrrar tónlistar í bland við eigin útsetningar á þjóðlagatónlist. Það felur oftast en ekki í sér náíð og spennandi samstarf við tónskáld sem samið hafa fyrir sérstaka hljóðfærasamsetningu hópsins. Þar má nefna frumflutning á verkum eftir tónskáldin Finn Karlsson, Nick Martin og Christos Farmakis sem samið hafa fyrir KIMA.

KIMI hefur dvalið í Skálholti í tvær vikur og hafa þau unnið náíð með staðartónskáldum Sumartónleika. Í kjölfar þessara tónleika heldur KIMI norður í land þar sem þau halda þrenna tónleika dagana 14.-16. júlí, á Siglufirði, Akureyri og Dalvík, en ljúka tónleikaferðalaginu með tónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík þann 19. júlí. Þar munu þau flytja grísk og íslensk þjóðlög í eigin útsetningum, í bland við samtímaverk samin hópinn.